

um frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, eftir því sem tóm gafst til á þeim skamma tíma, sem hún hafði til umráða. Nefndarmenn gátu ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þessi. Meiri hluti n. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en undirritaður leggur til, að það verði fellt.

Enginn ágreiningur er um það, að brýna nauðsyn bar til að hækka verulega verð á ferskfiski frá því, sem verið hefur. Sú 17% hækkun, sem samþykkt var á fundi yfirnefndar verðlagsráðs sjávarafurða 6. janúar s. l., er án efa algert lágmark, eigi fiskútgerð ekki að dragast stórlega saman. Hitt atriðið, sem meiri hluti yfirnefndar lagði til í sambandi við verðákvörðun þessa, að um 4% ferskfisks-hækkunarinnar skyldi mætt með breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orkar ekki aðeins tvímælis, heldur er að dómi undirritaðs mjög óeðlileg ráðstöfun. Í tillögum meiri hluta yfirnefndar var ráð fyrir því gert, að útflutningsgjaldinu yrði breytt þannig, að það miðaðist ekki lengur við verðmæti, heldur ákveðna krónuupphæð á magneiningu. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er þessi breyting ekki gerð nema að takmörkuðu leyti. Hins vegar er meginefni frv. sú tillaga meiri hluta yfirnefndar, að lækkað skuli útflutningsgjald á þorskaufurðum og hækkað gjald á sildarafurðum um nálægt 40 millj. kr.

Undirritaður er andvígur þessari breytingu á útflutningsgjaldinu af eftirtöldum ástæðum:

1) Drátt fyrir dýrtíð og vaxandi tilkostnað er hagur frystihúsanna nú yfirleitt allgóður, þegar á heildina er litið, þótt misjafn sé vegna aðstöðumunar. Síðastliðin tvö ár hefur afkoma frystiðnaðarins verið betri en oft áður vegna mikillar og stöðugar hækkunar útflutningsafurða. Samkvæmt Hagtiðindum hefur meðalverð á heilfrystum fiski og fiskflökum hækkað sem hér segir:

Frá 1962 til 1963 um 4.1%, frá 1963 til 1964 um 8%, frá 1964 til 1965 um 13.2% og frá meðalverði 1965 til ársbyrjunar 1966 um 6.7%.

Það er staðreynd, að hagnaður á rekstri frystihúsa hefur verið allverulegur árin 1964 og 1965. Þá er og ljóst, að ekki þarf nema litla hækkun útflutningsverðs afurða þeirra á árinu 1966 til að mæta að fullu þeirri 4% hækkun á ferskfiskverði, sem hér er um að ræða.

Margt virðist því benda til þess, að frystiðnaðurinn geti staðið undir þeirri 17% hækkun á ferskfiskverði, sem ákveðin var nú í ársbyrjun, án þess að sérstakar ráðstafanir komi til.

2) Enda þótt fallizt væri á þá skoðun, að nauðsyn bæri til að hækka ferskfiskverð meira en frystihúsaiðnaðurinn þætti fær um að greiða, bæri að líta á það sem almennt þjóðfélagslegt vandamál og því eðlilegt að leysa það samkvæmt venjulegum skattheimtuleiðum. Hitt er bæði hæpin og í hæsta máta varhugaverð ráðstöfun, að skattleggja sérstaklega eina grein atvinnurekstrar til hagsbóta annarri.

3) Sá 40 millj. kr. skattur, sem með frv. þessu er ætlunin að taka af sildarafurðum, jafnframt því sem sömu upphæð er létt af afurðum hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva, mun óhjákvæmilega lækka sildarverð allverulega frá því, sem ella hefði orðið. Skattlagning þessi bitnar á síldveiðisjómonnum og síldarútvegsmonnum. Óumdeilanlegt er, að síldveiðar eru háðar meiri sveiflum en nokkur atvinnurekstur annar, sem hér er stundaður að einhverju ráði. Síldveiði hefur að visu verið mikil síðustu tvö til þrjú ár, en áður hafði um langan tíma verið hinn mesti aflabrestur á síldveiðum. Enginn getur sagt fyrir, hvað komandi tími ber í skauti sínu. Og jafnvel á þeim sildarárum, sem verið hafa nú um skamma hríð, er langur vegur frá, að allir síldarútvegsmenn og sjómenn hafi haft öfundsverða afkomu. Hvert þessara ára hafa nokkrir tugir síldveiðiskipa orðið að fá bæt看 úr Aflatryggingasjóði, og nokkur hundruð síldveiðisjómannanna hafa ekki borið meira úr bítum en hlutartrygginguna eina. Afkomumöguleikar þessara manna verða einnig rýrðir með þeirri skerðingu síldarverðs, sem hér er ætlunin að lögfesta. Enn má geta þess, að mörg síldveiðiskipanna eru ný og mjög dýr. Þau verði því að afla vel og fá gott verð fyrir aflann, eigi þau að hafa skaplegan rekstrargrundvöll.

4) Loks er nauðsynlegt að horfast í augu við þá staðreynd, að öll verðjöfnun af þessu tagi milli framleiðslugreina er mjög viðkvæmt og áhættusamt fyrirtæki, eins og dæmi sanna. Það þarf sterk rök til að sannfæra þá, sem ætlunin er að skattleggja í þágu annarra, um réttmæti slíkra ráðstafana. Telji þeir sinn hlut fyrir borð borinn, gæti af því leitt ný vandkvæði, sem enginn kærði sig um að til hefði verið stofnað.

Með skirskotun til þess, sem að framan segir, legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 23. febr. 1966.

Gils Guðmundsson.